



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

2012

Mynd á forsíðu

Sumarnámskeiðsnemar fá sér matarbita á Tumastöðum í ferð um Njáluslóðir.
Mynd: Ármann Gunnarsson.

EFNISYFIRLIT



Bls.

Fylgt úr hlaði	3
Skipulag og skipurit	4
Hús íslenskra fræða	5
Íslenska er ekki erfitt mál, hún er öðruvísi	6
Skrambi	8
Ísmús	9
Gagnasöfn	10
Rannsóknir og útgáfa	12
Alþjóðlegt samstarf	17
Samstarf innanlands	20
Miðlun og kennsla	22
Viðburðir 2012	26



FYLGTT ÚR HLAÐI



Skýrsla ársins 2012 sýnir vel hve fjölbreytt starf er unnið innan Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Starfsmenn rækta ekki aðeins garðinn hér heima heldur snýr mikilvægur þáttur í starfseminni að alþjóðlegu samstarfi. Netbylting síðustu ára hefur gjörbreytt starfi stofnunarinnar, stafræn miðlun hleypir nýju lífi í frumgögnin, máltækni umbyltir rannsóknum á íslenskri tungu og útgáfu og nýjum samstarfsmönnum fjölga. Stofnunin hefur umsjón með stuðningi við íslenskukennslu erlendis á háskólastigi og tekur á móti fjölda erlendra stúdenta á hverju ári sem nema íslensku og verða síðar öflugir liðsmenn við að útbreiða íslenskar bókmenntir og í rannsóknum og miðlun íslenskrar tungu og menningar í sínu heimalandi. Nokkrir þeirra sem voru á sumarnámskeiði stofnunarinnar sumarið 2012 prýða forsiðu ársskýrslunnar.

Mikill niðurskurður í ríkisútgjöldum hefur komið hart niður á Árnastofnun eins og öðrum stofnunum samfélagsins og hefur starfsemin verið skorin niður um nær fjórðung frá hrúni. En alltaf er ljós í myrkrinu. Á síðustu árum var gripið til jákvæðra aðgerða til að skapa sumarstörf fyrir ungt fólk, t.d. með árlegu átaki Vinnumálastofnunar og auknu fé í Nýsköpunarsjóð námsmanna. Stofnunin naut góðs af og fékk til liðs við sig fjölda stúdenta sem kynnst hafa gögnum og rannsóknarverkefnum stofnunarinnar og skilað frábæru verki.


Rétt eins og vatnsafl og jarðhiti verður ekki virkjaður án hæfs fólks þá miðlum við ekki bókmenntum okkar og menningararfi nema með því að þjálfra fólk til þeirra starfa. Ný þekking og ný verðmæti verða ekki til nema gögnunum sé miðlað, þau rannsökuð og nýrri birtu brugðið á þau. Þannig verða afleidd verðmæti til og skapandi greinar byggja m.a. á þessum grunni. Tvö slík verkefni stofnunarinnar eru kynnt sérstaklega í skýrslunni, Ísmús og Skrambi sem hlaut Nýsköpunarverðlaun 2012.

Uppbyggingin er hafin. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna að Húsi íslenskra fræða 11. mars 2013. Húsið mun verða sannkölluð aflstöð íslenskrar menningar og þar verður stofnunin sameinuð á einn stað ásamt íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Þar verður hægt að sýna handritin, sem eru nú á skrá UNESCO yfir Minni heimsins, með alveg nýjum hætti. Fé, sem veitt er til miðlunar og rannsókna á íslenskum menningararfi og íslenskri tungu, mun nýtast vel til atvinnu- og nýsköpunar í landinu öllu.

Guðrún Nordal forstöðumaður

*„Ég geng á Gammabrekku, er glóa vallartár“ (Matthias Jochumsson).
Nemar á sumarnámskeiði í heimsókn í Odda á Rangárvöllum.*

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



SKIPULAG OG SKIPURIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Skipulag stofnunarinnar markast af forsögu hennar í fimm stofnunum og því að hún hefur enn þrjár starfsstöðvar, í Árnagarði, á Neshaga 16 og í Þingholtsstræti 29. Auk þess er handritasýning í Þjóðmenningarhúsi. Þegar stofnunin flyst í Hús íslenskra fræða verður hægt að einfalda skipurit hennar.

Stjórn stofnunarinnar er forstöðumanni til ráðgjafar. Stjórnina skipa Lára Magnúsdóttir formaður, Ásgrímur Angantýsson varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius. Þau þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands. Fastráðnir starfsmenn í árslok 2012 voru 35.

STARFSMENN Á ÁRINU 2012

Forstöðumaður

Guðrún Nordal

Alþjóðasvið

Úlfar Bragason, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

Handritasvið

Svanhildur Óskarsdóttir, Emily Lethbridge, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson, Hersteinn Brynjólfsson, Jóhanna Katrín

Fríðriksdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir, Kristján Eiríksson, Ludger Zeevaert, Margrét Eggertsdóttir, Sigurgeir Steingrímsson, Soffía Guðný Guðmundsdóttir, Svanhildur Gunnarsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir

Málræktarsvið

Ari Páll Kristinsson, Ágústa Þorbergsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

Nafnfræðisvið

Hallgrímur J. Ámundason, Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir

Orðfræðisvið

Guðrún Kvaran, Ásta Svavarsdóttir, Gunnlaugur Ingólfsson, Halldóra Jónsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Kristín Bjarnadóttir, Sigrún Helgadóttir, Þórdís Úlfarsdóttir

Þjóðfræðisvið

Gísli Sigurðsson, Rósa Þorsteinsdóttir

Stjórnsýslusvið

Kári Kaaber, Antonio Costanzo, Bessi Aðalsteinsson, Guðmundur G. Guðmundsson, Helga Ingvarsdóttir, Ríkarður Owen, Rósa Sveinsdóttir, Sigurður Valtýsson

Bókasafns- og upplýsingasvið

Ólöf Benediktsdóttir

Tíu sumarstarfsmenn voru ráðnir á stofnunina í átaki Vinnu- málastofnunar. Í skýrslunni eru þeir nefndir við verkefni sem þeir unnu helst við. Auk þess unnu á stofnuninni í styttri tíma stúdentar sem hlutu styrk til ákveðinna verkefna og er þeirra getið þar.

HÚS ÍSLENSKRA FRÆÐA



Hús íslenskra fræða mun rísa á lóð við Arngrímsgötu 5.

Hús íslenskra fræða mun rísa við Arngrímsgötu 5. Lóðin afmarkast af Suðurgötu til austurs, Guðbrandsgötu til suðurs, Arngrímsgötu til vesturs og Þjóðarbókhöllu til norðurs. Framkvæmdir er hluti af fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar sem ákveðin var í maí 2012.

Í byggingunni verður fjölbreytt starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands. Þar verða ýmis sérhönnuð rými, s.s. fyrir varðveislu, rannsóknir og sýningu á fornum íslenskum skinnhandritum, vinnustofur kennara og fræðimanna, lesrými fyrir nemendur á mismunandi stigum háskólanáms, fyrirlestrar- og kennslusalir, almennar skrifstofur, bókasafn með lesrými auk kaffistofu og tækni- og stoðryma. Húsið verður á þremur hæðum auk kjallara undir hluta þess. Heildarflatarmál

hússins er tæpir 6.500 m². Byggingin er sporöskjulaga og er formið brotið upp með útskotum og inngörðum. Að utan er byggingin klædd opnum málmhjúp. Gönguleið, meginás milli Háskóla Íslands og Þjóðarbókhöllu, liggur í gegnum bygginguna sem er umlukin grunnri spégiltjörn. Innan sporöskjulaga formsins er komið fyrir inngörðum sem skrifstofur og fleiri rými opnast út í.

Hönnunin er vistvæn og framkvæmd samkvæmt Breeam, vottunarkerfi um vistvænar byggingar. Hornsteinar arkitektar ehf. hanna húsið en tillaga þeirra varð fyrir valinu í samkeppni um hönnun hússins sem haldin var á vormánuðum 2008. Tæknilegur ráðgjafi þeirra var Almenna verkfræðistofan hf. Í stýrihópi sátu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Framkvæmdir hefjast á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að heildarframkvæmdir taki rúm þrjú ár.

ÍSLENSKA ER EKKI ERFITT MÁL, HÚN ER ÖÐRUVÍSI

Stofnunin vinnur að eflingu kennslu í íslensku sem öðru og erlendu máli. Hún hefur umsjón með stuðningi við íslenskukennslu erlendis og styrkjum til náms í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, gengst fyrir sumarnámskeiðum í íslensku sem öðru máli í samvinnu við Hugvísindasvið Háskóla Íslands og aflar og miðlar gögnum um kennslu og rannsóknir tengdar íslenskrri menningu. Þá tekur stofnunin þátt í norrænni samvinnu um kennslu Norðurlandamála.



Gleðin af því að læra íslensku

Ana Stanićević er frá Serbíu og stundar nám í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Hún er styrkþegi mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

„Íslenska og Ísland hafa verið innblásturinn minn í mjög langan tíma. Mig langar að deila gleðinni af því og vera tengiliður á milli heimalandsins míns og Íslands. Draumurinn minn er að skapa menningartengsl milli landanna, kenna íslensku og þýða íslenskar bókmenntir. Ég hef líka mikinn áhuga á að rannsaka íslenska samtímamenningu.“



Norræn mál rosalega áhugaverð

Matthew David Deaves er skiptinemi við Háskóla Íslands. Hann stundar BA-nám í íslensku við University College London.

„Ég er skiptinemi og ég læri íslensku sem annað mál við HÍ. Áður en ég kom til Íslands hafði ég lært íslensku í tvö ár bæði erlendis við UCL í London og hérlandis á alþjóðlegu sumarnámskeiði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og HÍ 2011. Ég ákvað að læra íslensku af því að mér finnst norræn mál rosalega áhugaverð. Einnig hef ég mikinn áhuga á íslenskrri sögu og íslensku samfélagi. Ég veit ekki alveg hvað ég vil gera í framtíðinni en ég vona að ég hafi tækifæri til að halda áfram að læra og tala íslensku.“

Á fundi háskólakennara í íslensku erlendis.
Katharina Schubert, München, Eleonore Guðmundsson, Vín,
Helga Hilmisdóttir, Helsinki, Laufey Guðnadóttir, Kíl, Sigríður
Albertsdóttir, París og Helga Hlaðgerður Lüthersdóttir, London.



Fjölbreytt og krefjandi starf að kenna íslensku

Dr. **Helga Hilmisdóttir** er lektor í íslensku við Helsinkiháskóla.

„Starf mitt er bæði fjölbreytt og krefjandi. Mikill áhugi er á íslenski tungu og íslenskum bókmenntum hér í Finnlandi og á hverju ári fæ ég til mín stóran hóp nemenda. Töluverð áskorun felst í því að kenna tungumál í umhverfi þar sem nemendur hafa mjög litil tækifæri til að æfa sig utan kennslustofunnar og þess vegna er ómetanlegt fyrir okkur að geta notað Icelandic Online og vefsíður fjölmiðla. Skemmtilegast finnst mér þegar nemendur fara í skiptináms til Íslands því þá veit ég að mér hefur tekist vel til.“

VISSIR ÞÚ

- að nútímaíslenska er kennd við rúmlega 40 háskóla erlendis
- að meira en þúsund stúdentar taka árlega þátt í námskeiðum í íslensku við háskóla erlendis
- að hingað sækja um 300 erlendir háskólanemar nám í íslensku
- að frá árinu 1949 hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti styrkt 742 erlenda stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands
- að 883 nemendur frá yfir 40 löndum sóttu alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku á árunum 1989–2012
- að árlega berast um 90 umsóknir um þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku en aðeins er hægt að taka á móti 35 nemendum
- að auk alþjóðlegs sumarnámskeiðs eru haldin námskeið fyrir norræna stúdenta og nemendur frá Bandaríkjunum við Háskóla Íslands; sumarið 2012 voru 120 nemendur að læra íslensku
- að heildarfjöldi notenda vefnámskeiðanna Icelandic Online er um 120.000 og daglega fara um 600 manns inn á námskeiðin
- að notendur veforðabókarinnar ISLEX á árinu 2012 voru um 50.000



Japönsk ungmenni hafa áhuga á að læra íslensku

Nobuyoshi Mori MA er prófessor við Tokaiháskóla í Japan og þýðandi.

„Eftir að ég var á Íslandi í fyrsta skipti og tók þátt í alþjóðlegu sumarnámskeiði stofnunarinnar og HÍ hef ég verið að kenna íslensku, norsku og norræna goðafræði í Norðurlandadeildinni í Tokaiháskóla í Japan. Japönsk ungmenni hafa kynnst norrænni goðafræði í gegnum *manga* og tölvuleiki og hafa því áhuga á að læra íslensku. Ég hef einnig stundað þýðingar á íslenskum bókmenntum, bæði fornum og nýjum, og hyggst halda því áfram eins og unnt er.“

SKRAMBI



Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, afhendir Kristínu Bjarnadóttur og Jóni Friðriki Daðasyni Hagnýtingarverðlaunin fyrir Skramba.

Skrambi er leiðréttingarforrit sem hefur verið í þróun á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í þrjú ár og er notað í ýmsum verkefnum í mismunandi útfærslu. Skrambi leiðréttir stafsetningarvillur í nútímamáli en er einnig notaður t.d. til þess að leiðrétta ljóslestrarvillur í safni 19. aldar blaða- og nytjatexta, m.a. í verkefninu Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals. Í verkefninu Fjölir fyrir hvern mann er Skrambi bæði notaður til þess að leiðrétta ljóslestrarvillur og til þess að færa stafsetninguna til nútímamáls en þannig er hægt að nota á eldri texta máltækniþúnað sem gerður hefur verið fyrir nútímamál.

Jón Friðrik Daðason og Kristín Bjarnadóttir hlutu Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands í nóvember 2012 fyrir þá útgáfu Skramba sem leiðréttir stafsetningu í nútímamáli.

Flest stafsetningarleiðréttingartól finna eingöngu orðleysur, þ.e. orð sem ekki eru til í málinu (t.d. „fleirri“, „kanski“ og „engann“), en Skrambi metur einnig samhengi orðanna til að ákvarða hvort þau séu rétt stafsett. Með því móti getur hann einnig fundið og leiðrétt raunorðavillur eins og „ég vill“, „á næsta leyti“ og „af ástæðuláusu“.

Skrambi

Ferlið
Stefnumótun má skipta í þrjú ferli, mótun stefnu, innleiðingu og endurmat. Hverju stigi verður **list** betur hér fyrir neðan.

Mótun stefnu
Peir sem hyggja á stefnumótu sitt. Skoða hvar þeir eru, hver ná þangað. Þessar þrjár spurnir eru til þess að tryggja gætt og hvernig þeir ætla að undirbúin.

Margs konar undirbúningsvinna fer vanalega fram þar sem fyrirtæki greina stöðu sína á markaði, skoða samkeppnina og tækifæri í þeim atvinnuvegi sem þau starfa í og jafnvel utan hans.

Næsta skref fyrir fyrirtæki eða stofnun er síðan að setja sér framtíðarmarkmið, bæði til skammstíma og langtíma. Þessi markmið geta verið fjárhagsleg, lútið einungis að einungum innan fyrirtækisins eða verið yfirmarkmið fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

Leita að villum



Rósa Þorsteinsdóttir kynnr Ísmús við opunarathöfn í Salnum.

Stofnunin stendur að gagnagrunninum Ísmús ásamt Tónlistarsafni Íslands. Ísmús stendur fyrir „Íslenskur músík- og menningararfur“ og samstarfið felst í því að þróa og reka opinn gagnagrunn sem geymir og birtir á vefnum gög्न er varða íslenska menningu fyrr og nú: hljóðrit, ljósmyndir, kvikmyndir, handrit og texta. Stór áfangi náðist 8. júní 2012 en þá var ný útgáfa af Ísmús opnuð af Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra við hátiðlega athöfn í Salnum í Kópavogi.

Í Ísmús eru aðgengilegar myndir af íslenskum handritum og eldri prentuðum bókum sem innihalda nótur. Þar á meðal er bók Bjarna Þorsteinssonar, *Íslensk þjóðlög*, en ætlunin er að birta einnig myndir af þjóðlagahandritum séra Bjarna sem varðveitt eru á stofnuninni og innihalda 950 lög. Þá er unnið að því á vegum Tónlistarsafns Íslands að syngja inn á myndbönd öll lög in í þjóðlagasafni séra Bjarna.

Frá árinu 2006 hafa starfsmenn Tónlistarsafns Íslands unnið að því að safna heimildum um kirkjuorgel. Nær allar kirkjur landsins hafa nú verið heimsóttar, teknar myndir og einn sálmur leikinn á orgelið inn á myndband. Þessar heimildir eru aðgengilegar á Ísmús.

Síðast en ekki síst veitir Ísmús aðgang að hljóðrituðum heimildum. Hér er meðal annars að finna elstu íslensku hljóðritanir frá fyrri hluta 20. aldar en langstærsta safnið er hið sístækkandi þjóðfræðisafn Árnastofnunar. Á vegum stofnunarinnar var mikið efni hljóðritað á segulbönd á seinni hluta 20. aldar, í öllum sveitum landsins og einnig í Íslendingabyggðum vestanhafs. Þetta hljóðritasafn er mikill fjársjóður og heimild um mannlíf og menningu þjóðarinnar fyrr á tíð. Sífellt bætist við og eftir aldamótin 2000 hefur efni einnig verið safnað með lifandi myndum, sérstaklega í samstarfi við Kára G. Schram kvikmyndagerðarmann. Nú þegar er hægt að hlusta og horfa á stærstan hluta þess efnis sem skráð hefur verið í Ísmús en mikil vinna liggur í því að klippa efnið og tengja við vefinn, sem og í því að skrá efni sem enn er óskráð.

Ísmús var kynnt á Vísindavöku í september.

GAGNASÖFN

Gagnasöfn stofnunarinnar eflast á hverju ári.

Stofnuninni eru færð handrit að gjöf, örnefnaskrár verða sífellt fyllri og nákvæmari, orðasöfn stækka, íðorðasöfn eflast og þjóðfræðaeftni er safnað af starfsmönnum stofnunarinnar og fleirum. Hlúð er að gögnum og unnið að því að miðla þeim.

Handrit

Dr. Margaret Cormack, prófessor í trúarbragðafræðum við College of Charleston í Suður-Karólínufylki í Bandaríkjunum, færði stofnuninni dýrmætar gjafir í ársbyrjun, tvö fágæt vögguprent og eitt handrit frá miðbiki 15. aldar. Handritið er úr skinni í áttblaðabroti (octavo), það er 16 blöð en á þeim er fremst dagatal á frönsku og latneskar bænir þar fyrir aftan. Þetta handrit er hluti úr stærri bók, tíðabók sem fylgt hefur Parísarvenju. Það er afar fallegur gripur; bókfellið er sérlega vandað, ljóst að lit og blöðin þunn. Í dagatalinu eru nöfn dýrlinga sett við messudaga þeirra og eru ýmist í bláum eða rauðum lit en dagar höfuðdýrlinga og aðrar stórhátíðir eru auðkenndar með gylltum stöfum. Þá er upphaf hvers mánaðar gefið til kynna með skreyttum upphafsstöfum sem lagðir eru blaðgulli. Handritið er í vönduðu bandi frá 20. öld. Handritið keypti faðir Margaretar, Allan Cormack, hjá fornbókasölu James Thin í Edinborg árið 1976 en ferill þess er að öðru leyti ókunnur. Í handritasafni stofnunarinnar er engin sambærileg bók og því er mikill fengur að gjöfinni.

Haldið var áfram vinnu við ljósmyndun og rafræna skráningu handrita í gagnagrunninn handrit.is. Sigurgeir Steingrímsson hafði eins og áður umsjón með verkefninu en Giovanni Verri og dr. Guðrún Ingólfsdóttir unnu að skráningu í sumarvinnu sem kostuð var af átaki Vinnumálastofnunar og með þeim menntaskólanemarnir Alda Kristín Guðbjörnsdóttir og Ingólfur Eiríksson. Safnmörk allra handrita, sem stofnunin varðveitir, eru nú komin í grunninn. Þau Sigurgeir og Guðrún Ása Grímsdóttir hafa jafnframt unnið að undirbúningi fornbréfaskráningar.

Keypt var ný myndavél fyrir stafræna ljósmyndun handrita og settur upp nýr hugbúnaður sem auðveldar myndaumsýslu.

Þjóðhátíðarsjóður, sem stofnaður var í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi, var lagður niður á árinu. Stofnunin hlaut síðasta styrk sem veittur var úr sjóðnum, tæplega 900.000 krónur og verður honum varið til viðgerðar Flateyjarbókar.

Íðorð

Um 50 orðasöfn eru í birtingarhluta Íðorðabanka Árnastofnunar. Á árinu voru eftirtalin orðasöfn (með endurbótum) færð inn í íðorðabankann: raftækni-orðasafn, plöntuorðasafn, byggingarverkfræðisafn, lestrarorðasafn, liforðasafn og orðasafn um landupplýsingar. Vinna Sigurgeirs Orra Alexanderssonar tölvunarfræðinema við þetta verkefni var kostuð af átaki Vinnumálastofnunar. Unnið var að endurbótum og viðbótum við fleiri íðorðasöfn, t.a.m. í læknisfræði og menntunarfræði. Þá voru *Íðorðasafn í alþjóðastjórn málum* og *stjórn málafræði* og *Íðorð í faraldsfræði* gefin út á prentuðu formi, sjá kafla um rannsóknir og útgáfu. Ágústa Þorbergsdóttir er ritstjóri Íðorðabankans.

Málfarsbankinn

Ný útgáfa Málfarsbankans, byggð á WordPress-bloggforritinu, færðist yfir á lénið malfar.arnastofnun.is í febrúar.

Stafsetningarorðabókin

Rafræn gerð *Stafsetningarorðabókarinnar* (1. útgáfu) er í opnum og ókeypis aðgangi á vefnum Snara.is. Unnið er að 2. útgáfu. Vinnslugrunnur bókarinnar þarfnast tæknilegra endurbóta. Ritstjóri er Jóhannes B. Sigtryggsson.

Íslenskar ritreglur

Jóhannes B. Sigtryggsson vinnur með Íslenskri málnefnd að endurskoðun íslenskra ritreglna.

Örnefni

Þess er nú ekki langt að biða að örnefnaskrár yfir allar jarðir á Íslandi verði orðnar stafrænar. Í kjölfarið verður efnid gert aðgengilegt á vef stofnunarinnar. Á vefnum er nú þegar örnefnasjá sem Landmælingar Íslands halda úti og er afurð af samstarfi nafnfræðisviðs og Landmælinga. Á árinu 2012 var áfram unnið að skönnun og frágangi eldri örnefnaskráa og var vinnan kostuð af átaki Vinnumálastofnunar. Hjördís Erna Sigurðardóttir starfaði við þetta yfir sumarmánuðina.

Orðfræði

Stofnuninni var afhent gjöf frá fjölskyldu Jóns Aðalsteins Jónssonar, fyrrverandi orðabókarstjóra, eftirlátin gögn úr fórum Jóns Aðalsteins er vörðuðu málfræði og örnefnfræði,



Olga María Franzdóttir flettir í fyrsta eintaki bókarinnar *Sögur úr Vesturheimi*. Svanhildur Óskarsdóttir, Guðrún Nordal, Kristján Eiríksson og Gísli Sigurðsson, sem sá um útgáfuna, fagna með henni.

RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFA

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun þar sem unnið er að rannsóknum á sviði íslenskra fræða. Starfsmenn vinna við rannsóknir á frumgögnum stofnunarinnar. Akademískir starfsmenn stunda einnig sjálfstæðar rannsóknir á fræðasviðum sínum.

Rannsóknarbókasafn

Fjöldi innlendra fræðimanna, kennara og stúdenta, auk starfsmanna, notfærði sér hið öfluga og sívaxandi rannsóknarbókasafn stofnunarinnar á sviði íslenskra fræða. Ætíð er mikil eftirspurn eftir vinnuaðstöðu, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum en þeir voru fleiri en sjötíu á síðasta ári.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, þeirra Þorsteins M. Jónssonar og Birgit Baldwin, og getur því ætíð keypt mikilvægar bækur og fylgst vel með á fræðasviðinu.

Á árinu bárust safninu nokkrar verðmætar bókaþafir. Dr. Margaret Cormack færði bókasafninu tvö vögguprent og að auki fjölmargar fræðibækur úr safni sínu. Önnur prentbókin er *Super librum Sapientiae* eftir Robert Holkot (d. 1349) en það eru útlekkingar á Speki Salómóns. Bókin var prentuð árið 1489 í Basel af Johanni Amerbach og Johanni Petri de Langendorff. Hún er í einstaklega fallegu bandi, tréspjöldum sem eru klædd þrykktu leðri með flórísku mynstri. Á því eru leifar af málmkrækjum. Kjölurinn hefur verið styrktur með leifum af pergamentshandriti. Hin bókin er *De inventione, sive Rhetorica vetus* eftir Marcus Tullius Cicero en ritið er handbók fyrir ræðumenn sem hann samdi á yngri árum með skýringum eftir C. Marius Victorinus. Skýringarnar eru prentaðar samhliða textanum á síðurnar. Bókin var prentuð í Feneýjum af Baptista de Tortis 31. október 1483. Hún er bundin í leðurklædd pappaspjöld. Í leðrið eru þrykktir sammiðja rammar með flórísku ívafi og titill gylltur á rauðan grunn á kjölinn. Jon Suul, forstöðumaður norska menningarminjasjóðsins, færði ríkinu að gjöf nokkrar

dýrmætar gamlar bækur sem stofnuninni var falið að varðveita, þ. á m. Heimskringlu á sænsku, Norrlandz Chrönika och Beskrifning ... 1670. Guðlaug Freyja Löve og Sigurður Þ. Guðmundsson færðu stofnuninni að gjöf eintak af Vísnaþók Guðbrands Þorlákssonar, 2. útg. 1748. Þjóðfræðingurinn góðkunnir Jaqueline Simpson færði safninu meistarařitgerð sína frá árinu 1955 um Guðmundar sögu dýra. Fjölskylda Jóns Aðalsteins Jónssonar gaf stofnuninni fjölda málfræðibóka og sérprenta úr safni hans og auk þess hefur safnið fengið fjölda bóka að gjöf frá fleiri vinum og velunnurum.

Skráður eintakafjöldi í bókasafni stofnunarinnar er nú 41.330 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Aðföng bóka á árinu 2012 voru alls 742 titlar en stofnunin fékk þar af um 460 eintök bóka að gjöf eða í ritaskiptum.

Öll rit eru skráð í Gegni um leið og þau berast. Ásthildur Gestsdóttir vann við skráningu sérprenta og fleira í sumarvinnu sem kostuð var af átaki Vinnuálastofnunar. Skrá yfir ný aðföng birtist á vefsíðu safnsins.


Útgáfur ársins

Gripla 23

Í *Griplu* þessa árs eru ellefu ritrýndar greinar á þremur tungum, m.a. um tónlist í handritum, Sturlungu, máldagabækur, glötuð handrit, Síðu-Hall, dreifingu miðaldahandrita í fjölskyldum fram á 17. öld, höfund konungasagna, Sigurdrífumál, Þrymskviðu, tölvugreiningu texta og handrit af Snæfjallaströnd, auk styttri greina í samtíningi. *Gripla 23* var þriðja og síðasta heftið í gæðamatsferli alþjóðlegra fræðitimarita sem *Gripla* gengst nú undir og við biðum spennt eftir úrslitunum. Ritstjórar voru Gísli Sigurðsson og Viðar Pálsson.

Orð og tunga 14

Þema þessa heftis af tímaritinu er Net til að fanga orð. Greining og lýsing á merkingu og merkingarvenslum. Í því birtast þrjár greinar sem fjalla um gerð og einkenni svonefndra orðaneta. Grunnur að þeim var lagður með fyrirlestrum sem haldnir voru á Hugvísindapingi 2011 í málstofunni Stefnumót: Á mörkum málfræði og tölvutækni sem tímaritið stóð að í samstarfi við Máltæknisetur. Auk þess eru í heftinu þrjár ritdómar auk styttri bókafragna og fréttar af ráðstefnum á sviði tímaritsins. Ritstjóri er Ásta Svavarsdóttir.



Gefin voru út tvö rit í nýrri ritröð, *Íðorðaritum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

Sögur úr Vesturheimi

Langtímaútgáfuverkefni þjóðfræðasviðs lauk á árinu þegar haldið var upp á áttæðisafmæli Hallfreðar Arnar Eiríkssonar með því að gefa út *Sögur úr Vesturheimi*, um 20 klukkustunda úrval úr söfnunarleiðangri Hallfreðar og Olgu Maríu Franzdóttur til Kanada og BNA veturinn 1972–1973. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna og Rósa Þorsteinsdóttir undirbjó netútgáfu hljóðritanna.

Útgáfa íðorðasafna

Sett var á laggirnar ný ritröð, *Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*, og komu á árinu út tvö rit í röðinni. 1) *Íðorð í faraldsfræði*, íslensk-ensk, ensk-íslensk, 25 bls. Ritstjóri: Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. Málfráðunautur Ágústa Þorbergsdóttir. 2) *Íðorðasafn í alþjóðastjórn málum og stjórnmálafræði*, íslenskt-ensk, enskt-íslenskt, 57 bls. Ritstjóri: Ágústa Þorbergsdóttir, Kristín Una Friðjónsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir annaðist jafnframt umbrot, setningu og hönnun ritanna.



Meðal rannsóknarverkefna á stofnuninni er staða tungumála í háskólakennslu.

Rannsóknarverkefni

Málhugmyndafræði, málsnið og miðlar

Rannsóknarverkefnið Málhugmyndafræði, málsnið og miðlar snýr annars vegar að viðhorfum til málnotkunar í talmiðlum, prentmáli og samfélagsmiðlum og hins vegar að þeim áhrifum sem samfélagsbreytingar á síð nútíma, m.a. varðandi notkun gamalla og nýrra (fjöli)miðla, hafa á forsendur, aðferðir og áhrif málstyringar sem miðar að verndun og stöðlun þjóðtunga, einkum íslensku. Rannsóknirnar tengjast að hluta til evrópsku samstarfsneti, Standard language ideology in contemporary Europe. Verkefnisstjóri er Ari Páll Kristinsson.

Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals

Í upphafi árs hófst vinna við rannsóknir á máli 19. aldar. Markmiðið er einkum að skoða samspil málþróunar og málsamfélags og hvernig tilurð opinbers málstaðals mótast af þeim viðhorfum sem uppi eru í samfélaginu. Áhersla verður lögð á að skoða hvaða tilbrigði koma fram í málinu og hvernig þau dreifast, bæði með tilliti til málfræðilegra og málfélagslegra þátta, og hvaða afbrigði verða fyrir valinu sem góð og gild í umræðum um málfar, í kennslu og námsbókum og í málnotkun, einkum á opinberum vettvangi. Rannsóknarhópurinn, sem stendur að verkefninu, er skipaður málfræðingum við

stofnunina, Háskóla Íslands, Uppsalaháskóla og Vrije Universiteit Brussel auk tveggja doktorsnema við HÍ og annarra framhaldsnema. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði og verkefnisstjóri er Ásta Svavarsdóttir.

Staða tungumála í háskólakennslu og rannsóknum

Rannsóknarverkefnið Staða tungumála í háskólakennslu og rannsóknum lýtur m.a. að því hvernig íslensk málhugmyndafræði birtist í orðræðu, stefnumótun og framkvæmd að því er varðar val á tungumáli kennslu og rannsókna á háskólastigi á Íslandi. Hluti verkefnisins felst í Netværk for parallelsproglige mål på Nordens internationaliserede universiteter sem nýtur styrks úr Nordplus-áætluninni 2011–2013. Fulltrúi stofnunarinnar er Ari Páll Kristinsson.

Fjölirnir fyrir hvern mann

Verkefnið felst í því að leiðrétta ljóslesinn texta tímaritsins *Fjölnis* (1835–1847), færa hann til nútímastafsetningar og birta hann í tveimur útgáfum á vefsíðu, þ.e.a.s. stafrétta útgáfu og nútímastafsetninguna. Jafnframt eru textarnir tengdir við myndir af *Fjölni* á vef Landsbókasafns – Háskólabókasafns, tímarit.is. Við verkið unnu Jón Friðrik Daðason, Kristján Rúnarsson og Kristín Bjarnadóttir. Verkefnið fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2012 en það er liður í þróun leiðréttingarforritsins Skramba.

Hugbúnaður fyrir handleiðréttingu ljóslesinna texta

Guðrún Kvaran fékk styrk úr Rannsóknasjóði Háskólans fyrir árið 2012 til þess að láta þróa hugbúnað fyrir handleiðréttingu ljóslesinna texta. Þróað skyldi gagnvirk forrit í þessu skyni sem benti á hugsanlegar villur í ljóslestri og gerði tillögur um leiðréttingar. Jón Friðrik Daðason bætti gagnvirkni við forritið Skramba sem var síðan notað í verkefninu. Gerðar voru mælingar á afköstum prófarkalesara sem leiðrétti óleiðréttan ljóslesinn texta með og án aðstoðar forritsins. Að lokum var nokkurt safn timarita leiðrétt með aðstoð forritsins. Niðurstaða mælinganna bendir til þess að um þrisvar sinnum fljótlegra sé að meðaltali að leiðrétt ljóslesinn texta með Skramba en án hans. Ef ljóslesni textinn er í mjög góðu ásigkomulagi geta afköstin orðið allt að fimmföld.

Íslenskt orðanet

Íslenskt orðanet er orðabókarleg lýsing á íslenskum orðaförða þar sem margvísleg vensl orða og orðasambanda eru í brennidepli. Efniviðurinn er að stofni til sóttur til *Stóru orðabókarinnar um íslenska málnotkun* og til gagnasafna sem á sínum tíma urðu til á Orðabók Háskólans, auk þess sem leitað er fanga í tölvutækum textasöfnum.

Á árinu 2012 fór fram viðtæk samræming á greiningu merkingarvensla, einkum með tilliti til samheitaflökkunar. Þá var áfram unnið að hugtakaflokkun, með sérstakri áherslu á greiningu nafnorða. Verkefnið naut tilstyrks átaks Vinnuálagstofnunar til stuðnings námsmönnum og annaðist Þórhalla Beck Guðmundsdóttir mikilvæga greiningarþætti sem unnið var að á árinu.

Afrakstur þessa kemur fram á vefsíðunni www.ordanet.is með nýju efni og endurbættri greiningu. Á vefsíðunni er að finna rösklega 150.000 einyrtar og fleiryrtar flettur með margvíslegum leitarmöguleikum. Um 90.000 flettur eru bundnar samheitaovenslum og hugtakaflokkunin spannar um 120.000 flettur. Umsjón með orðanetinu hafa Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir, forritari er Ragnar Hafstað.

META-NORD

META-NORD er tveggja ára verkefni sem hófst 1. febrúar 2011 og lýkur 1. febrúar 2013. Verkefnið er hluti af META-NET sem nær til allra ríkja Evrópusambandsins og tengdra ríkja. Markmið verkefnanna er að skapa tæknilegar forsendur fyrir margmála upplýsingasamfélagi í Evrópu þar sem allir geti notað móðurmál sitt við öflun og úrvinnslu hvers kyns

upplýsinga. Máltækni setur tekur þátt í verkefninu fyrir hönd Íslands en Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á aðild að Máltækni setri.

Veigamesti verkþáttur META-NORD felst í því að safna tiltækum málföngum, skrá þau, fullvinna, staðla og gera aðgengileg í gegnum META-SHARE sem er net gagnahirslna (e. repositories) þar sem málföng eru skráð með stöðluðum lýsigögnum (e. metadata) og gerð aðgengileg. Í íslenskum hluta verkefnisins eru skráð 23 málföng. Íslensku málföngin eru aðgengileg á vefsetrinu www.malfong.is. Gefin var út skýrsla um stöðu máltækni á Íslandi undir heitinu *Íslensk tunga á stafrænni öld*, sambærileg skýrslum um önnur mál innan verkefnisins. Haldið var veglegt málþing, Máltækni fyrir alla, á vegum Máltækni seturs, Íslenskrar málnefndar og META-NORD-verkefnisins 27. apríl. Verkefnið hefur vefsíðuna vefir.hi.is/metanord.

Bragi – óðfræðivefur

Á árinu hófst formlegt samstarf við Héraðsskjalasafn Skagafjarðar, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Bókasafn Vestmannaeyja og Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja. Á Braga er lögð áhersla á skráningu alls íslensks kveðskapar fyrir 1800 og svo valinna ljóða og vísa eftir það. Á vefjum skjalasafna er aftur á móti lögð megináhersla á að skrá kveðskap úr héraði og þá einkum eftir 1800. Segja má að vefir þessir kallist á og myndi eina heild. Skráningar- og leitarmöguleikar hafa verið auknir að mun og talsverðu efni hefur verið bætt við Braga sjálfan á árinu. Umsjónarmaður Braga er Kristján Eiríksson en um forritun sér Bjarki M. Karlsson doktorsnemi.

Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar

Unnið er að fimmta bindinu í heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar og að almenningsútgáfu á verkum Hallgríms sem stofnunin mun gefa út í samvinnu við JPV.

Mörkuð íslensk málheild

Mörkuð íslensk málheild (MÍM) var fullunnin á vegum META-NORD. Unnið var við frágang á textum og lýsigögnum og textar markaðir og lemnaðir. Textum var síðan komið í sérstakt xml-snið, TEI P5, sem er skilgreint af samtökunum TEI (Text Encoding Initiative) og eru textarnir þar með tilbúnir til dreifingar og notkunar í málfræðilegum rannsóknum og mál-

tækniverkefnum. Lýsigögn fylgja öllum textum. Leitarsíðan (mim.hi.is) var einnig endurgerð. Á árinu var lokið við handvirka yfirferð á mörkum í Gullstaðli fyrir mörkun texta, MIM-GOLD. Kristján Friðbjörn Sigurðsson vann það verk. Á árinu 2012 var vinna hans fjármögðuð af META-NORD-verkefninu. Textar í Gullstaðlinum voru teknir úr textum MÍM og eru nú aðgengilegir á málföng.is. Verkefnisstjóri er Sigrún Helgadóttir.

Menningarlegt og félagslegt hlutverk íslenskra kvæða- og sálmahandrita eftir siðskipti

Í verkefninu, sem styrkt var af Rannsóknasjóði, var athyglinni beint að handritum sem tengjast þremur svæðum á landinu, biskupssetrunum á Hólum í Hjaltadal og Skálholti og á Vestfjörðum. Könnuð voru tengsl milli prentaðra bóka og handrita, efni handrita, eigendur þeirra og skrifarar, kveðskapargreinar; svo og hvaða áhrif kynferði persóna, félagsleg og landfræðileg staða þeirra hafði á efnið og dreifingu þess. Ferill ákveðinna handrita var rannsakaður, t.d. handritsins *Hymnodia sacra* sem ritað var af sr. Guðmundi Högnasyni árið 1742 og hefur að geyma mikinn fjölda sálma og sálmalaga. Einn þáttur rannsóknarinnar beindist að menningarmiðstöðinni sem rekin var í Vigur í Ísafjarðardjúpi á síðari hluta 17. aldar af bóndanum Magnúsi Jónssyni digra (1637–1702). Tekin voru til athugunar kvæðahandrit sem voru í eigu Magnúsar og systkina hans. Verkefninu lauk í árslok 2012 og er nú unnið að greinasafni þar sem helstu niðurstöður verða kynntar. Greinarnar verða á ensku og eru höfundar þeirra annars vegar þátttakendur í verkefninu og hins vegar fræðimenn sem á undanförunum árum hafa unnið að svipuðum rannsóknum á íslenskum handritum síðari alda. Verkefnisstjóri var Margrét Eggertsdóttir.

Bænaþekking

Útgáfa á íslenskum bænum fram um 1600 hófst við Árnasafn í Kaupmannahöfn fyrir 40 árum. Verkið lá síðan niðri en þráðurinn hefur nú verið tekinn upp að nýju. Um er að ræða stakar bænar og heilar bænaþekkingar í handritum sem margar hverjar eru í öðrum söfnum en Árnasafni. Ýmsar stakar bænar hafa verið gefnar út áður á prenti en bænaþekkingarnar ekki, nema prentuð bænaþekking Guðbrands Þorlákssonar frá 1576 sem verður með í útgáfunni. Ásthildur Gestsdóttir aðstoðaði við undirbúning í sumarvinnu sem kostuð var af átaki Vinnuálagstofnunar. Verkefnisstjóri er Svavar Sigmundsson.

Breytileiki Njáls sögu

Í verkefninu, sem nýtur styrks úr Rannsóknasjóði Rannís, er breytileiki Njáls sögu skoðaður með aðferðum málvísinda, bókmenntafræði, handrita- og textafræði. Texti mismunandi handrita sögunnar er skrifaður upp og kóðaður og uppskriftirnar nýttar til samanburðar á ýmsum þáttum. Að uppskriftum unnu Emily Lethbridge, Ludger Zeevaert, Beeke Stegmann MA, Liv Mostad-Jensen MA og Ryder Patzuk-Russell MA auk Bjarna Gunnars Ásgeirssonar BA-nema. Verkefnið var kynnt á alþjóðlega fornsagnaþinginu í Árósum í ágúst. Á árinu fékkst einnig viðbótarstyrkur úr Rannsóknasjóði HÍ. Það er unnið í samstarfi við Árnastofnun í Kaupmannahöfn. Verkefnisstjóri er Svanhildur Óskarsdóttir.

Prentsmiðja fólksins

Prentsmiðja fólksins er samstarfsverkefni fræðimanna við ReykjavíkurAkademíuna, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Árnastofnun í Kaupmannahöfn og hlaut það styrk úr Rannsóknasjóði til árána 2012–2014. Þrátt fyrir tilkomu prentverks á Íslandi um 1530 fór bókmenning og miðlun texta meðal þjóðarinnar að miklu leyti fram í handrituðu formi. Markmið verkefnisins er að rannsaka framleiðslu, miðlun og viðtökur handritaðs efnis á prentöld, tengsl handrita við aðrar miðlunarleiðir, s.s. prent og munnlega miðlun, og gagnvirk áhrif miðils, texta og samfélags. Innan ramma verkefnisins koma saman fjölmargar fræðigreinar og viðfangsefni, s.s. bókmenntasaga, hugmyndasaga, málsaga, sjálfsbókmenntir, alþýðubókmenntir og þjóðlegur og staðbundinn fróðleikur. Katelin M. Parsons MA vann á vegum stofnunarinnar að rannsóknum á viðhorfi Íslendinga til þýðinga fyrr á öldum. Verkefnisstjóri er dr. Matthew James Driscoll, forstöðumaður Árnasafns í Kaupmannahöfn.



Pórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir kynna skandinavísku veforðabókina ISLEX á ársfundi háskólakennara í íslensku erlendis.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Starfsmenn stofnunarinnar eru í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Akademískir starfsmenn eru í miklu rannsóknarsamstarfi við erlenda fræðimenn, kenna við erlenda háskóla en einnig eru þeir iðulega fulltrúar Íslands í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi stofnunarinnar, svo sem í norrænu tungumálastarfi.

Alþjóðleg rannsóknarstofnun

Stofnunin er ein meginstofnana á sviði íslenskra fræða í heiminum og laðar því að sér erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir í íslenskum fræðum. Í gögnum hennar býr sérstaða stofnunarinnar á alþjóðlega vísu; þar er geymdur einstakur efniviður til rannsókna. Bókasafnið hefur eflst mjög á undanfórnum árum. Ásamt gagnasöfnum stofnunarinnar dregur það að sér vísindamenn og stúdenta. Rannsóknarsamfélag stofnunarinnar er því mjög alþjóðlegt. Á árinu nutu um þrjátíu erlendir gestir rannsóknaraðstöðu á Árnastofnun um lengri eða skemmri tíma, auk þess sem erlendir stúdentar nutu rannsóknaraðstöðu og leiðsagnar starfsmanna.

Gestir í fræðimannsíbúð í Hvassaleiti: Astrid Ogilvie frá Noregi, Tereza Lansing frá Danmörku, Kevin Wanner frá Bandaríkjunum, Michalis Gennaris frá Grikklandi, Þorsteinn G. Indriðason frá Noregi og Sylvain Lalot frá Frakklandi.

Gestir í fræðimannsíbúð í Þinghóltsstræti: Gísli Magnússon frá Danmörku, Kim Lembek frá Danmörku, Chris Sanders og Helle Degnbol frá Danmörku, Oleksandr Goluzubov frá Úkraínu, Nataliya L. Ogurechnikova frá Rússlandi og Einar Már Jónsson frá Frakklandi.

Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Árið 2012 voru fimmtán íslenskukennarastöður við jafnmarga erlenda háskóla styrktar af íslenskum stjórnvöldum. Flestir kennararnir sinntu kennslunni í fullu starfi: fimm á Norðurlöndum, fjórir í Þýskalandi, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi, einn í Kanada og einn í Kína.

Sérstakir samningar voru í gildi um framlög til íslenskukennslu við Humboldtháskóla í Berlín og Manitobaháskóla í Winnipeg.

Annars staðar byggjast framlög á bréflugu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda kennurunum að hafa samband við heimalandið. Allir kennarastólarnir fá nokkurn bókastyrk árlega.

Stundakennsla í íslensku við Cambridgeháskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2011–2012. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Wasedaháskóla styrkt en þar lendar kennarar sinnu þeirri kennslu.

Lektorafundur

Þrítugasti og níundi fundur íslenskukennara erlendis var haldinn í Háskóla Íslands dagana 1.–2. júní. Stofnunin skipulagði fundinn í samráði við íslenskukennarana. Fundinn sóttu þrettán kennarar sem gegndu störfum á vormisseri 2012. Úlfar Bragason stjórnaði fundi. Fjallað var um menningarkynningu erlendis, kennslu í íslensku sem öðru máli og íslenskukennslu erlenda. Af skýrslum kennaranna sést að íslenskukennsla við erlenda háskóla er öflug og áhuginn á kennslunni mikill. Á hvert sækja á annað þúsund nemandur námskeið í íslensku við háskóla erlendis. Í tengslum við fundinn var haldinn aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis.

Samráðsnefnd vegna íslenskukennslu erlendis

Úlfar Bragason á sæti í samráðsnefndinni með tveimur fulltrúum tilnefndum af íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Bergljótu Kristjánsdóttur prófessor og Þóru Björk Hjartardóttur dósent.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Nefndin starfar á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og fær fjárveitingu þaðan. Stofnunin á aðild að nefndinni og hefur annast skrifstofuhald hennar síðan á árinu 2005 samkvæmt samningi þar að lútandi. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992.

Nefndin úthlutar styrkjum til samstarfsverkefna, einkum til kynningar á menningu Norðurlanda annars staðar í Evrópu, og gengst auk þess fyrir kennarabætur í Evrópu. Samstarfs-

nefndin hefur einnig leitast við að efla Norðurlandafræði í Norður-Ameríku og í Asíu. Á árinu var haldinn vinnufundur í Lundi um kennslu norrænna mála á netinu. Þá hélt nefndin ráðstefnu í París dagana 8.–10. nóvember fyrir kennara í Norðurlandafræðum við háskóla í Suð- og Suðvestur-Evrópu. Upplýsingar um starfsemi nefndarinnar voru settar á vefsíðu hennar samarbetsnamnden.org.

ISLEX

Á árinu hlaut ISLEX styrk frá Nordplus Sprog til vinnu við aðlögun að nýjum miðlum (snjallsímum og spjaldtölvum) og til hljóðvinnslu. Öll uppflettið auk hluta orðasambanda voru hljóðrituð í hljóðverinu Upptekið og annaðist Guðfinna Rúnarsdóttir framburðinn. Myndefni orðabókarinnar var aukið og endurnýjað verulega og eru myndirnar nú alls um 3.200.

Fundur með fulltrúum allra þátttökulanda var haldinn í nóvember. Ritstjórnarfundur með norskum þýðendum orðabókarinnar var haldinn í Bergen í maí.

Síðla árs fékk ISLEX sérstaka fjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni, að upphæð 500 þúsund danskar krónur. Háskólinn í Helsinki fékk styrk frá Nordplus Sprog til þess að geta hafið samstarf um ISLEX-verkefnið. Því stefnir í að finnska verði sjötta markmál orðabókarinnar.

Verkefnisstjóri ISLEX er Halldóra Jónsdóttir og aðalritstjóri Þórdís Úlfarsdóttir. Fulltrúar stofnunarinnar í stjórnarnefnd verkefnisins eru Guðrún Kvaran og Jón Hilmar Jónsson.

Gagnabankar á alþjóðasviði

Alþjóðasvið annast gagnabanka um erlenda háskóla þar sem kennd er íslenska, bæði forn málið og nútímamál. Upplýsingar um 100 háskóla sem kenna forníslensku og 43 skóla sem kenna nútímalslensku eru aðgengilegar í gagnabankanum sem er vistaður á vef stofnunarinnar: www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_íslenska_erlendis.

Á alþjóðasviði er einnig haldið utan um upplýsingar um fræðimenn í íslenskum fræðum. Upplýsingarnar eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar. Í gagnabankanum eru skráðir um sjö hundruð fræðimenn í íslenskum fræðum víða í heiminum: www.arnastofnun.is/page/fraedimannaskra.

Nordkursnefnd

Norræn nefnd, sem starfar með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar og skipuleggur sumarnámskeið í Norður-

landamálum og -bókmenntum fyrir norræna háskólanema, hélt ársfund sinn í Bergen 20.–22. september. Úlfar Bragason er formaður nefndarinnar á árunum 2011–2013 en Háskóli Íslands annast fjármál hennar.

Snorrastyrkir

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í þrjá mánuði hið minnsta í því skyni að kynnst sem best íslenski tungu, menningu og mannlífi. Formaður úthlutunarnefndar er Úlfar Bragason.

Á árinu 2012 nutu þrjú mánaða styrkja hvert: Nataliya L. Ogurechnikova, prófessor við Kennaraháskólann í Moskvu, til að rannsaka lýsingarorð í íslenskum miðaldabókmenntum, eddukvæðum sérstaklega; Oleksandr Goluzubov, prófessor við Tækniháskólann í Kharkiv í Úkraínu, til að rannsaka háð og kímni í miðaldabókmenntum; Michalis Gennaris, rithöfundur í Aþenu, til að vinna að skáldsögu sem mun byggjast á Vatnsdæla sögu.

Stúdentastyrkir

Frá hausti 2010 annast Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum umsýslu styrkja mennta- og menningarmálaráðuneytis til erlendra stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands. Alls bárust 80 umsóknir um styrki fyrir árið 2012–2013, þar af 7 um framhaldsstyrk. Sex nemendur fengu framhaldsstyrk og tólf nemendur hlutu styrk til að hefja nám í íslensku fyrir erlenda nemendur.

MENOTA — Medieval Nordic Text Archive

Stofnunin á aðild að textabankanum og situr Haraldur Bernharðsson í stjórn hans fyrir hennar hönd.

NordHymn — Nordisk institut för hymnologi

Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn er Margrét Eggertsdóttir.

Medioevo Europeo — COST

Áætluninni, sem er á vegum Evrópusambandsins, er ætlað að stuðla að samvinnu og samræmingu rafrænna gagnasafna á sviði miðaldafræða. Fulltrúi stofnunarinnar er Svanhildur Óskarsdóttir, varamaður hennar er Guðvarður Már Gunnlaugsson.

Nafnfræði

Nafnfræðisvið er í nánu samstarfi við norrænu nafnfræðisamtökin, NORNA (www2.sofi.se/NORNA/NORNA.html). Hallgrímur J. Ámundason situr í stjórn samtakanna fyrir hönd Íslands og Guðrún Kvaran er varamaður. Hallgrímur sótti stjórnarfund í Helsinki á haustmánuðum þar sem lögð voru drög að ráðstefnum og útgáfum næstu ára.

Íðorðamál

Stofnunin á aðild að Nordterm, samtökum norrænna íðorðastofnana, og tekur þátt í norrænu fjarkennsluverkefni í íðorðafraði. Ágústa Þorbergsdóttir annast þessi verkefni af hálfu stofnunarinnar. Ágústa situr í stjórn Nordterm og sótti stjórnarfund í Stokkhólmi í október. Þá á stofnunin aðild að alþjóðlegu íðorðasamtökunum Infoterm og hinum evrópsku, EAFT.

Málrækt

Stofnunin á samvinnu við norrænar systurstofnanir á sviði málræktar. Jóhannes B. Sigtryggsson er norrænn ritari í því samstarfsneti og sótti fundi á þess vegum í Kaupmannahöfn í febrúar og Ósló í ágúst. Jóhannes er einnig í ritstjórn tímaritsins *Sprog i Norden*. Fulltrúar í norrænum vinnuhópi um málskýrð eru Ari Páll Kristinsson og Jóhannes B. Sigtryggsson. Ari Páll sótti málþing á vegum vinnuhópsins í Kaupmannahöfn í maí.

Þjóðfræði

Árvis fundur norrænna þjóðlagafræðinga- og safna var haldinn í Kaupmannahöfn 9.–11. október. Rósa Þorsteinsdóttir sótti fundinn og kynnti gagnagrunninn Ísmús og sagði einnig frá heimildum um alþýðuhljóðfæri.

Norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum

Gíslur Sigurðsson er fulltrúi stofnunarinnar í stjórn norræns meistaranáms í víkinga- og miðaldafræðum (oldnorse.is) við Háskóla Íslands í samvinnu við háskólana í Ósló, Kaupmannahöfn og Árósum.



Örnefnasjá á netinu er afrestur samvinnu stofnunarinnar og Landmælinga Íslands.

SAMSTARF INNANLANDS

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum leggur ríka áherslu á virkt samstarf og góð tengsl við almenning, heimildarmenn, fyrirtæki og stofnanir.

Landmælingar Íslands

Meginsamstarfsaðili nafnfræðisviðs eru Landmælingar Íslands. Reglubundið samráð er milli stofnananna um örnefni. Afrestur samvinnunnar er m.a. að finna í Örnefnasjá Landmælinga á netinu (atlas.lmi.is/ornefnasja).

Örnefnanefnd

Stofnunin sér um skrifstofuhald fyrir örnefnanefnd. Á árinu 2012 samþykkti örnefnanefnd 17 nöfn á nýbýlum en hafnaði tveimur vegna þess að þau voru ekki í samræmi við íslenskar nafngiftavenjur. Þá heimilaði nefndin nafnbreytingu á tveimur lögbýlum. Af hálfu stofnunarinnar situr Hallgrímur J. Ámundason í örnefnanefnd. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur á árinu unnið að endurskoðun laga um örnefnamál. Svavar Sigmundsson og Þórunn Sigurðardóttir, sem er formaður, eiga sæti í nefndinni auk fulltrúa frá Þjóðskrá og ráðuneytinu.

Málnefnd um íslenskt táknmál

Stofnunin er samkvæmt lögum skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknmál.

Íslensk málnefnd

Stofnunin er samkvæmt lögum skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Undirritað var á árinu formlegt samkomulag um samskipti stofnunarinnar og málnefndarinnar. Af hálfu stofnunarinnar er Jóhannes B. Sigtryggsson samverkamaður og ritari Íslenskrar málnefndar með málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar. Hann annast skrifstofuþjónustu við málnefndina og sér um vefsíðu hennar.

Orðanefndir

Orðanefndir í arkitektúr og í atferlisgreiningu funduðu reglulega hjá málræktarsviði. Formaður orðanefndar læknafélaganna, Jóhann Heiðar Jóhannsson, hefur aðstoðu á sviðinu þar sem hann vinnur í hlutastarfi við endurbætur á iðorðasafni lækna. Samstarf var við ýmsar fleiri orðanefndir, t.a.m. orðanefnd um landslagsarkitektúr, bílorðanefnd, orðanefnd í umhverfisfræðum og orðanefnd í menntunarfræðum og við aðra sérfræðinga og iðorðasafnahöfunda. Faglegur ráðgjafi er Ágústa Þorbergsdóttir.

Rannsóknarstofa í máltileinkun

Hugvísindastofnun samþykkti reglur um Rannsóknarstofu í máltileinkun (RÍM) á vormisseri 2010. Markmiðin með henni eru að: 1) efla þverfaglegt rannsóknar- og þróunarsamstarf, innlent og alþjóðlegt, á sviði annarsmálsfræða, 2) koma á fót gagnagrunni um tileinkun máls og menningar og safna

upplýsingum um slík rannsóknargögn, 3) miðla þekkingu á annarsmálsfræðum, t.d. með umræðufundum, málþingum og útgáfu nettímarits, 4) stuðla að bættum ritakosti á fræðasviðinu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á aðild að rannsóknarstofunni og situr Úlfar Bragason í stjórn hennar. Stofan gekkst fyrir málstofu á Hugvísindapíngi 2012.

Rannsóknarstofa í tónlistarfræðum

Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Rannsóknarstofu í tónlistarfræðum er Rósa Þorsteinsdóttir.

Hljóðheimildir úr Húnaþingi vestra

Þjóðfræðisvið tók þátt í samstarfsverkefni undir stjórn Fræðaseturs HÍ á Skagaströnd sem fólst í rannsókn og skráningu á hljóðheimildum úr Húnaþingi vestra. Aðrir samstarfsaðilar voru Tónlistarsafn Íslands, Miðstöð munnlegrar sögu, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Forsvar ehf. Skráningu hljóðritanna í Ísmús, og verkefninu sjálfu, lauk á árinu.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Gagnagrunnurinn www.handrit.is er samstarfsverkefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Nordisk forskningsinstitut í Kaupmannahöfn. Þessir þrjú aðilar starfa einnig saman að alþjóðlegum sumarskóla í handritafræðum.

Dagur íslenskrar tungu

Starfsmenn stofnunarinnar skipulögðu hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis á degi íslenskrar tungu og afhendingu verðlauna og viðurkenningar, ásamt kynningu á hátíðisdeginum. Verkefnisstjóri af hálfu stofnunarinnar var Ari Páll Kristinsson.

Stjórn Snorrastofu

Með bréfi dagsettu 20. júlí 2010 var Úlfar Bragason rannsóknarprófessor endurskipaður fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í stjórn Snorrastofu í Reykholti til fjögurra ára, samkvæmt tilnefningu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor varamaður hans. Úlfar Bragason er ritari stjórnarinnar.



Grunnskólanemar skemmta sér við skriftir í „miðalda-skrifarastofu“ eftir leiðsögn um handritasýninguna.

MÍÐLUN OG KENNSLA

Stofnunin ræktar þjónustuhlutverk sitt hvað varðar íslenska tungu og málrækt, örnefni og íslenskan menningararf, handritamenningu og þjóðfræði.

Starfsmenn stofnunarinnar veita þjónustu og ráðgjöf, svara fyrirspurnum sem berast simleiðis, í tölvupósti eða um heimasíðu, halda fyrirlestra og sjá um námskeið heima og erlendis.

Handritasýning í Þjóðmenningarhúsi

Sýningargestir hússins árið 2012 voru 19.389 og munu flestir þeirra hafa skoðað handritasýninguna. Nemendahópar af öllum skólastigum, innlendir jafnt sem erlendir, nýttu sér fræðsludagskrá Svanhildar Gunnarsdóttur safnkennara og

voru nemendur alls 2.643. Þar af voru erlendir mennta- og háskólanemar 784 í 32 hópum, flestir frá Norðurlöndum.

Prentlist og passíusálmar

Sýningin Prentlist og passíusálmar var opnuð 24. mars 2012 í Hallgrímskirkju og stóð fram í september sama ár. Sýningin fjallaði um útgáfusögu passíusálmanna og prentlist á fyrri tíð. Notaðar voru titilsíður útgáfna sálmanna, og aðrar síður, til þess að sýna ýmislegt athyglisvert við prentað mál og þróun þess, leturgerð, uppsetningu bundins máls, þróun titilsíðu-texta o.fl. Þórunn Sigurðardóttir hannaði sýninguna og sá um textagerð. Á sýningunni gafst gestum einnig kostur á að hlýða á passíusálmasöng úr safni þjóðfræðisviðs stofnunarinnar sem Rósa Þorsteinsdóttir sá um. Sýningin var samstarfsverkefni Árnastofnunar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Wiki-saga: Lýsandi heimildaskrá Egils sögu

Í mars var opnaður aðgangur að vefnum wikisaga.hi.is sem er samstarfsverkefni stofnunarinnar og Háskóla Íslands. Vefurinn, sem er á íslensku og ensku, geymir texta Egils sögu ásamt lýsandi heimildaskrá yfir fræðiskrif sem fjalla um söguna. Ritstjórar eru Jón Karl Helgason prófessor við HÍ og Svanhildur Óskarsdóttir en um vefviðmót sá Olga Holownia.

Vefsetur

Vefur stofnunarinnar fékk nýtt útlit á árinu. Við hönnun útlits var áhersla lögð á að það væri stílhreint, fallegt og nútímalegt en byggt á gömlum grunni. Við hönnun viðmóts var áherslan á að einfalda skipulagið en þó þannig að gestir fengju fljótt gott yfirlit yfir undirkafla, uppsetning væri skýr og skilmerkileg og að greiður aðgangur væri að því sem gestir vefsins nota mest. Sigríður Hulda Sigurðardóttir, nemi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, hannaði vefinn. Matthías Ragnarsón, nemi í tölvunarfræði við Háskóla Íslands, skipulagði og flutti efni af gamla vef stofnunarinnar yfir á þann nýja. Þau voru ráðin á stofnunina í sumarvinnu sem kostuð var af átaki Vinnuálastofnunar. Vefstjórn á stofnuninni hafði umsjón með verkinu en í henni sitja Ásta Svavarsdóttir, Hallgrímur J. Ámundason, Jóhannes B. Sigtryggsson, Ólöf Benediktsdóttir, Rósa Sveinsdóttir og Svanhildur Gunnarsdóttir. Vefurinn er unninn í vefumsjónarkerfinu SoloWeb og Hörður Þórðarson hjá Lausn ehf. forritaði. www.arnastofnun.is.

Icelandic Online

Síðan 2005 hefur verið skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku við Háskóla Íslands að hafa lokið Icelandic Online 1 með góðum árangri. Þetta er nú einnig gert að skilyrði fyrir þátttöku í BA-námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands og hefur reynst vel. Nú eru um 120.000 skráðir notendur Icelandic Online. Notendurnir eru víða í heiminum. Slóðin er www.icelandiconline.is. Unnið er að Icelandic Online 5 og 6 og verða námskeiðin tilbúin haustið 2013. Úlfar Bragason tekur þátt í verkefninu af hálfu stofnunarinnar.

Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegri dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti dr. Kirsten Hastrup, prófessor í mannfræði við Kaupmannahafnarháskóla, opinberan fyrirlestur í Norræna húsinu. Fyrir-

lesturinn nefndist Den lille istid: Íslands klima i historiens spejl. Um 90 manns sóttu fyrirlesturinn.

Fyrirspurnir um málfar

Málræktarsvið svarar u.þ.b. 1.500 fyrirspurnum um málfar árlega í síma og tölvupósti. Sviðið heldur úti Málfarsbankanum á vef stofnunarinnar, ásamt fleiri vefsíðum með leiðbeiningum og ráðleggingum, m.a. um stafsetningu, beygingu, ritreglur, ríkjaheiti og margt annað.

Íslensk málstefna

Stúdentar og kennarar frá Montreal heimsóttu stofnunina til að fræðast um íslenskt mál og málstefnu. Einnig var tekið á móti gestum frá Norsk faglitterær forfatter- og oversetterforening og þeim kynnt íslensk málstefna.

Kennsla við Háskóla Íslands

Ágústa Þorbergsdóttir kenndi námskeiðið Íðorðafræði í Þýðingarfræði. Hún kenndi einnig í fjarkennslu samnærnt námskeið um íðorðastjórnun á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; Copenhagen Business School, Kaupmannahöfn; Norges Handelshøyskole, Bergen; Vasa Universitet, Vasa; Terminologisentrum TNC, Stokkhólmi og Karlstads universitet, Karlstad. Jóhannes B. Sigtryggsson kenndi, ásamt Svanhildi Óskarsdóttur, námskeiðið Handritavinna (MIS204F) við Háskóla Íslands vorið 2012. Gísli Sigurðsson kenndi námskeið við þjóðfræðadeild HÍ, um söfnun þjóðfræða og um munnlega hefð og fornsögur og kvæði, hafði umsjón með tveimur BA-ritgerðum í þjóðfræði og tveimur lokaritgerðum í meistaranámi í miðaldafræðum fyrir erlenda stúdenta. Fyrsta árs nemar í íslensku heimsóttu stofnunina í byrjun haustmíssis, eins og síðastliðin ár, og var kynnt það fjölbreytta starf sem fer fram á sviði íslenskra fræða. Einnig fengu meistaranemar í vikinga- og miðaldafræðum (Viking and Medieval Norse Studies) kynningu á fræðum sem snerta námið svo og þjóðfræðinemar á fyrsta ári og guðfræðinemar.

Málþing tímaritsins Orðs og tungu

Málþing tímaritsins *Orðs og tungu* var haldið 4. maí í Nes-kirkju. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Íslenska sem viðfangsmál í íslensk-erlendum orðabókum. Sjónarmið og aðferðir við öflun, val og framsetningu efnisins. Haldnir voru



Nemendur í handritaskólanum skoða handrit.

fimm fyrirlestrar, þrjár um nýlegar íslensk-erlendar orðabækur og tveir um umræðuefnið almennt. Ásta Svavarsdóttir, ritstjóri tímaritsins, stjórnaði þinginu.

Góssið hans Árna

Í tilefni af því að handritasafn Árna Magnússonar er nú á sérstakri varðveisluskrá UNESCO var haustið 2011 stofnað til hádegiserinda í bókasal Þjóðmenningarhússins um handrit úr safninu. Erindaröðinni var fram haldið út veturinn og lauk síðasta vetrardag 2012 með erindi Jóhönnu Katrínar Friðriksdóttur. Aðrir fyrirlesarar á árinu voru Már Jónsson prófessor við HÍ, Árni Heimir Ingólfsson, Ásdís Egilsdóttir prófessor við HÍ, Úlfar Bragason, Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Ludger Zeevaert.

Máltækni fyrir alla

Málþingið Máltækni fyrir alla var haldið 27. apríl í Odda. Íslensk málnefnd, META-NORD og MáltækniSETUR stóðu fyrir málþinginu en MáltækniSETUR er samstarfsvettvangur eftirtalinna

stofnana um rannsóknir, þróun og kennslu í máltækni: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík og orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þjóðlagaakademían

Þjóðlagaakademían 2012 var haldin af stofnuninni og Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði í samvinnu við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands sem báðir meta námskeiðið til tveggja eininga. Rósa Þorsteinsdóttir hafði umsjón með og kenndi á námskeiðinu.

Sumarskóli í handritafræðum

Dagana 15.-23. ágúst var 9. alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum haldinn í Kaupmannahöfn. Að skólanum standa Árnastofnanirnar tvær, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og háskólana í Tübingen, Zürich og Cambridge auk Háskóla Íslands. Skólann sækja meistara- og doktorsnemar frá ýmsum

löndum. Leiðbeinendur á skólanum af hálfu stofnunarinnar voru að þessu sinni Haraldur Bernharðsson, Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir.



Már Jónsson flytur erindi um gössið hans Árna.

Sumarskóli í íslensku

Sumarið 2012 skipulagði stofnunin fjögur námskeið í íslensku í samstarfi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Alls tóku 120 manns þátt í námskeiðunum. Úlfar Bragason var námskeiðsstjóri en Guðrún Laufey Guðmundsdóttir sá um skipulagninguna.

Nordkurs

Norrænt sumarnámskeið í íslensku í Háskóla Íslands var haldið 4.–29. júní. Þátttakendur voru 33. Íslenskutímar voru 60 en auk þess sátu nemendur tíu fyrirlestra um menningu og sögu.

Íslenskunámskeið fyrir þýðendur á vegum Evrópusambandsins

Framhaldsnámskeið fyrir þýðendur, sem vinna á vegum Evrópusambandsins, var haldið 18. júní – 13. júlí. Íslenskutímarnir voru 70 en auk þess sóttu þýðendurnir 10 fyrirlestra um menningu, sögu og bókmenntir. 14 þýðendur, sem sótt höfðu alþjóðlega sumarnámskeiðið sumarið 2011, sátu þetta námskeið.

Íslenskunámskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku

Sex vikna námskeið í íslensku fyrir 15 stúdenta frá Norður-Ameríku var haldið í samvinnu við University of Minnesota 21. maí – 29. júní. Fór fyrri hluti þess fram í Minneapolis en síðustu þrjár vikurnar í Reykjavík.

Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið í íslensku máli og menningu var haldið 2.–27. júlí. Alls var kennt í 80 stundir á námskeiðinu, 70 stundir íslenskt mál og 10 stundir saga og samfélag, bókmenntir og listir. Þátttakendur voru 37 og komust færri að en vildu. Flestir þeirra komu frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Sviss.

Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja 10 daga námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður-amerísk ungmennti af íslenskum ættum sem dvöldust sumarið 2012 hér á landi á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 11.–21. júní. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir annaðist skipulagningu.



Guðmundur Hálfðánarson kennir Íslandssögu í sumarskóla í íslensku.



Málþingið Máltækni fyrir alla var haldið 27. apríl.



Danskennsla í Þjóðlagaakademíunni á Siglufirði.

VIÐBURÐIR 2012



Margaret Cormack færði stofnuninni dýrmætar gjafir.



Kristján Eiríksson eflir Braga – óðfræðivef.



Svanhildur Gunnarsdóttir hlaut viðurkenningu móðurmálskennara.

Janúar

Bókin *Studier i AM 557 4to* kemur út. Lasse Mårtensson fjallar um handritið AM 557 4to sem stundum er kallað Skálholtsbók.

Erindaröðinni Góssið hans Árna var hleypt af stokkunum fyrsta vetrardag 2011. Már Jónsson flytur nú sjötta erindið um góssið: Jónsbókarhandrit frá 14. öld sem Árni eignaðist ungur: AM 344 fol.

Aðgangur að *Stafsetningarorðabókinni* er nú öllum opin á vefnum.

Dr. Margaret Cormack færir stofnuninni dýrmætar gjafir, tvö fágæt vögguprent og handrit frá miðri 15. öld.

Fyrsta rafræna fréttabréf stofnunarinnar á íslensku kemur út. Fréttabréfið er sent út mánaðarlega til þeirra sem stofnunin hefur á lista yfir áskrifendur.

Góssið hans Árna: Árni Heimir Ingólfsson flytur erindið Kvæða- og tvísöngsbók frá Vestfjörðum: AM 102 8vo.

Febrúar

Góssið hans Árna: Ásdís Egilsdóttir flytur erindi um handrit handa konum: AM 431 12mo.

Guðrún Nordal forstöðumaður kjörin í Gustav Adolf-akadémiuna.

Orð og tunga 14 kemur út. Þema heftisins er Net til að fanga orð. Greining og lýsing á merkingu og merkingarvenslum.

Góssið hans Árna: Úlfar Bragason fjallar um Reykjarfjarðarbók Sturlungu: AM 122 b fol.

Bragi – óðfræðivefur heilsar nú aukinn og tvíflgur þar sem Vísnavefur Skagfirðinga rennur saman við hann með öllum sínum lausavísnaþjölda.

Skemmtileg stemning er á handritasýningu Árnastofnunar á safnanótt. Gestum er boðið inn á skrifarastofu frá miðöldum með kálfskinnsbókfelli, fjaðurpennum og sortubleki.

Mars

Góssið hans Árna: Margrét Eggertsdóttir flytur erindið Langa Edda – Goð og gyðjur í máli og myndum: AM 738 4to.

Sýningin Prentlist og passíusálmar opnuð í Hallgrímskirkju. Passíusálmar Hallgríms Péturssonar hafa verið prentaðir 87 sinnum. Fyrst árið 1666 og síðast voru þeir prentaðir árið 2009.

Góssið hans Árna: Svanhildur Óskarsdóttir og Ludger Zeevaert flytja erindið Við upptök Njálu: AM 162 B fol. Delta.

Vefurinn wikisaga.hi.is fer í loftið. Hann geymir texta Egils sögu ásamt lýsandi heimildaskrá yfir fræðiskrif sem fjalla um söguna.



Jónas Kristjánsson og Sigríður Kristjánsdóttir á ársfundi stofnunarinnar í maí.

Úlfar Bragason fræðir stúdenta um íslenska menningu í sumarskóla í íslensku.

Apríl

Góssið hans Árna: Jóhanna Katrín Friðriksdóttir fjallar um síðasta glæsta handritið: AM 152 fol. Erindið er það tólfta og síðasta í röðinni um handrit úr safni Árna Magnússonar í tilefni þess að handritasafnið er nú á varðveisluskrá UNESCO, Minni heimsins.

Máltækni fyrir alla. Málþing sem Máltæknisetur, Íslensk málnefnd og META-NORD halda fyrir áhugamenn um máltækni.

18 stúdentum er veittur styrkur mennta- og menningarmálaráðuneytis til náms í íslensku sem öðru máli við HÍ veturinn 2012–2013.

Maí

Málþing tímaritsins *Orðs og tungu*. Yfirskrift þingsins er Íslenska sem viðfangsmál í íslensk-erlendum orðabókum.

Samtök móðurmálskennara veita Svanhildi Gunnarsdóttur, safnkennara Árnastofnunar, viðurkenningu fyrir „fjölbreytta og lífandi safnkennslu á handritasýningu í Þjóðmenningarhúsi“.

Skandinavíska veforðabókin ISLEX hefur verið aðlöguð fyrir spjaldtölvur og síma.

Nýja landnámið, ársfundur stofnunarinnar haldinn 16. maí.

Júní

Ný Ísmús – vefur um íslenskan músík- og menningararf – er opnuð með viðhöfn.

Tíu daga námskeið fyrir ungmenni af íslenskum uppruna frá Kanada og Ameríku.

Sumarskóli í íslensku máli og menningu hefst. Fjögurra vikna námskeið fyrir norræna stúdenta. Sex vikna námskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku. Fjögurra vikna námskeið fyrir þýðendur frá Evrópusambandinu.

Júlí

Fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið í sumarskóla í íslensku máli og menningu.

Þjóðlagaakademían – námskeið um íslenska þjóðlagatónlist í tengslum við þjóðlagahátíð á Siglufirði.

Ágúst

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum. Námskeiðið fer fram í Kaupmannahöfn en er haldið annað hvert ár í Reykjavík.

VIÐBURÐIR 2012



Rósa Þorsteinsdóttir kynnr Ísmús, rímur og remix á Visindavöku.



Halldóra Jónsdóttir, Svanhildur Gunnarsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir taka við styrk til að kynna handrit í landsbyggðarskólum.



Guðrún Nordal og Katrín Jakobsdóttir undirrita samning um árangursstjórnun.

September

Á fæðingardegri dr. Sigurðar Nordals 14. september flytur Kirsten Hastrup, prófessor í mannfræði við Kaupmannahafnarháskóla, fyrirlestur sem hún nefnir Den lille istid: Islands klima i historiens spejl.

Guðlaug Freyja Löve og Sigurður Þ. Guðmundsson færa stofnuninni að gjöf Vísnaðabók Guðbrands, 2. útgáfu 1748.

Wim Vandenbussche, prófessor við Vrije Universiteit í Brussel, heldur fyrirlestur sem hann nefnir Why research on 19th century Icelandic is important for a Belgian chocolate eater (and for the rest of Europe and the world as well).

Sett er á laggirnar ný ritröð, Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Tvö rit koma út: *Íðorð í faraldsfræði* og *Íðorðasafn í alþjóðastjórn málum og stjórn málafræði*.

Stofnunin tekur þátt í Visindavöku: Ísmús, rímur og remix: Skráning og miðlun þjóðfræðiefnis.

Október

Vefur stofnunarinnar fær nýtt útlit.

Nóvember

Íslenska á 21. öld – Þing Íslenskrar málnefndar um íslensku í tölvuheiminum.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember.

Leiðréttingarforritið Skrambi hlýtur Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands. Skrambi finnur af samhengi texta rétta stafsetningu orða.

Desember

Undirritaður samningur um árangursstjórnun milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Árnastofnunar.

Dr. Christopher Patrick Callow lektor, dr. Nicole Dehé prófessor og Mátyás Dunajcsik, rithöfundur, þýðandi og bókmenntaritstjóri, hljóta Snorrastyrki til þriggja mánaða.

Sögur úr Vesturheimi koma út með þjóðfræðaeftni sem hjónin Hallfreður Örn Eiríksson og Olga María Franzdóttir hljóðrituðu meðal Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku veturinn 1972–1973. Hægt er að hlusta á hljóðritanirnar á vefnum.

Gripla 23 kemur út með ellefu ritrýndum greinum, m.a. um tónlist í handritum, Sturlungu, máldagabækur og glötuð handrit.

Stofnunin hlýtur eina og hálf milljón úr Samfélagssjóði Landsbankans til styrktar verkefninu Handrit í skóla á landsbyggðinni sem farið verður af stað með á 350 ára afmæli Árna Magnússonar árið 2013.

Stofnunin hlýtur síðasta styrk sem veittur er úr Þjóðhátíðarsjóði til viðgerðar á Flateyjarbók.

Myndir

Bls. 1: Max Naylor

Bls. 2, 7 til vinstri, 14, 17: Ármann Gunnarsson

Bls. 3, 5, 6, 7 til hægri, 11, 12, 22: Jóhanna Ólafsdóttir

Bls. 8: Kristinn Ingvarsson

Bls. 9: Jón Hrólfur Sigurjónsson

Bls. 24: Matthew J. Driscoll

Bls. 25 ofan frá: Jóhanna Bergmann, Ármann Gunnarsson,
Eiríkur Rögnvaldsson, Eygló Ingadóttir

Bls. 26–27, fyrsta, önnur og fjórða mynd frá vinstri:
Jóhanna Ólafsdóttir, þriðja: Nataliya Ogurechnikova,
lengst til hægri: Ármann Gunnarsson

Bls. 28 frá vinstri: Guðni S. Óskarsson, Hilmar Þór
Guðmundsson, Jóhanna Ólafsdóttir

Hönnun

Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir

Prentun

Svansprent

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Skrifstofa Árnagarði v/Suðurgötu
101 Reykjavík
sími 525 4010
arnastofnun@hi.is
www.arnastofnun.is